

Fundur FHD 29.1.18 kl. 17:15, Kópavogsbakka 3, Kóp. Mættir: Unnur, Guðbjörg, Hulda, Kristín, Atli .
Albert undir lið 1. Albert vikur af fundi eftir lið 1.

1. Breytingar á reglum um veiðidómaramán: fundur með Alberti varðandi menntun dómara. Lesnar eru tillögur varðandi reglur og leiðbeiningar um dómaramán fyrir fuglahundadómara. Ræddar eru hugmyndir varðandi hvað má betur fara og hvaða nýjungar eru góðar. Breytingatillögur þurfa að berast fyrir 21.2.18 sem Albert fer með á fund.

2. Erindi Guðbjargar og Unnar um afturköllun á umsókn um meginlandshundapróf.

Formaður fól Kristínu að klára það sem uppávantaði v meginlandshundaprófs. Rætt er tungumál SKF reglanna. Rætt er að tungumál reglanna hvort heldur er á ensku eða sænsku eru samhljóða er snýr að þáttakendum.

Tekið skal fram að þátttakandi í sækisprófi þarf að velja hvort hann er dæmdur eftir íslenskum veiðiprófareglum í sækihluta eða SKF. Reikna má með að kostnaður verði í lágmarki þar sem búið er að samþykkja dómara á dagsetningar.

Betur fari á að kostnaður vegn bráðar fremur en rjúpu, komi fram í kostnaðaráætlun. Tekið skal fram að upptalning á rjúpu sem bráð í fjárhagsáætlun er fyllt inn í samræmi við uppgjör veiðiprófa síðustu ára þar sem greiddur er útlagður kostnaður við öflun bráðar sem gefin er í próf.

Umsók um meginlandshundapróf hafði þegar farið til veiðiprófanefndar ásamt öðrum prófum FHD.

Í umsókn er heildarkostnaður deildar á öll próf.

Umsóknin fyrir sækispróf þarfnast enduskoðunar og lagfæringar m.t.t. fjöldi hunda í sækisprófi.

Niðurstaða að ekki er ástæða til að afturkalla umsókn um meginlandshundapróf og helst hún óbreytt, enda búið að fjalla um þau atriði er athugasemdir snéru að. Að sama skapi þarf að lagfæra fjölda í sækisprófi sem þegar er samþykkt. Samþykkt. Guðbjörg nefnir að draga þurfi erindi er fór á HRFÍ til baka og vék af fundi í kjölfarið.

3. Tillaga frá formanni í ljósi óskar frá félagi í FHD: að "allar" deildir innan grúbbu 7 taki þátt í að viðhalda gagnagrunninum og fái til þess aðgang. Rætt að hver deild fyrir sig tillnefni aðila til að bera ábyrgð á skráningu gagna. Samþykkt
4. Styrktaraðilar. Rædd er þörf á styrktaraðilum.
5. Þorablót, rætt.
6. Önnur mál.

Rætt er Kaldaprófið.

Ítekaðar eru óskir féлага í FHD um að fá Kaldaprófið suður eða á Borgarfjarðarsvæðið eða álíka. Ekki liggur fyrir staðsetning prófa FHD, utan Áfangafells. .

Nauðsynlegt er að afla fleirri styrktaraðila almennt á próf FHD.

Stjórn FHD mun ekki hafa milligöngu um gistingu fyrir þátttakendum í veiðiprófum.

Rætt er að skipta þurfi um prófstjóra á Ellaprófinu. Fundargerð yfirfarin og samþykkt af öllum nema Guðbjörgu Guðmundsdóttur. Fundi slitið 20:27